

Áætlun um meðhöndlun úrgangs og smithættu af úrgangi vegna heimsfaraldurs

Eftirfarandi áætlun er gerð í samræmi við kafla 8.41 í landsáætlun Ríkislögreglustjóra og sóttvarnalæknis vegna heimsfaraldurs. Samkvæmt landsáætlun eru háskastig Almannaþingarinnar þrjú, þ.e. óvissustig, hættustig og neyðarstig sem lýst er yfir af Ríkislögreglustjóra.

Áætlunin er framkvæmd af Umhverfisstofnun og viðeigandi samstarfsaðilum.

Óvissustig

Sorphirða, flutningur og förgun úrgangs fer fram með venjubundnum hætti.

Hættustig

Sorphirða, flutningur og förgun úrgangs fer fram með venjubundnum hætti.

Neyðarstig

- A. Einangruð tilfelli á sjúkrahúsi
 - Sorphirða, flutningur og förgun úrgangs fer fram með venjubundnum hætti.
 - Verkferlar yfirfarnir með samstarfsaðilum.
- B. Einangruð tilfelli á heimilum / stök tilfelli
 - Sorphirða, flutningur og förgun úrgangs fer fram með venjubundnum hætti.
 - Sértekar aðgerðir varðandi sóttmengaðan úrgang frá smituðum heimilum.
- C. Fjöldi tilfella á sjúkrahúsum
 - Sorphirða, flutningur og förgun úrgangs frá heimilum fer fram með venjubundnum hætti.
 - Brugðist við magnaukningu á sóttmengunum úrgangi með samstarfsaðilum.
- D. Fjöldi tilfella í heimahúsum
 - Flokkun á heimilissorpi á móttökustöðvum á sýktum sóttvarnasvæðum hætt.
 - Við sorphirðu, flutning og förgun skal vinna eftir sérstökum verklagsreglum vegna smithættu af úrgangi og meðhöndlun úrgangs vegna heimsfaraldurs.
- E. Lokun eins svæðis
 - Flutningi úrgangs frá lokaða svæðinu hætt og allur úrgangur urðaður óflokkaður innan þess svæðis. Urðun fer fram á urðunarstað tilnefndum af Umhverfisstofnun í samráði við rekstraraðila urðunarstaða.
 - Við sorphirðu, flutning og förgun skal vinna eftir sérstökum verklagsreglum vegna smithættu af úrgangi og meðhöndlun úrgangs vegna heimsfaraldurs.

F. Lokun fleiri svæða eða allsherjarlokun

- Flutningi úrgangs frá lokuðum svæðum hætt og allur úrgangur urðaður óflokkaður innan svæða. Urðun fer fram á urðunarstað innan hvers svæðis tilnefndum af Umhverfisstofnun í samráði við rekstraraðila urðunarstaða.
- Við sorphirðu, flutning og förgun úrgangs skal vinna eftir sérstökum verklagsreglum vegna smithættu af úrgangi og meðhöndlun úrgangs vegna heimsfaraldurs.